

Hugbúnaðarhópur Skýrslutæknifélags Íslands

Samþykktir

1. gr.

Hugbúnaðarhópur Ský er faghópur innan félagsins og starfar eftir reglum þess um faghópa, sjá nánar á vefsíðu félagsins (www.sky.is).

2. gr.

Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið móðurfélagsins og felast m.a. í:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um hin ólíku svið hugbúnaðargerðar.
- Að hvetja til samstarfs og þekkingarmiðlunar milli hugbúnaðarfyrirtækja.
- Að efla tengslamyndun jafnt innan hugbúnaðargeirans sem út fyrir hann, s.s. skóla og almennra fyrirtækja og stofnanna.
- Að stuðla að aukinni fræðslu og fagmennsku í hugbúnaðargerð.
- Að leitast við að efla notkun íslenskrar tungu við umfjöllun um hugbúnaðargerð.

3. gr.

Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi Ský til eins árs í senn og er skipuð fimm einstaklingum, sem útnefnir formann og fjóra meðstjórnendur sem skipta með sér verkum eftir þörfum.

Hlutverk stjórnar er að vinna að markmiðum faghópsins með því að standa fyrir ýmsum viðburðum, þar með talið einni hugbúnaðarráðstefnu á ári auk minni og óformlegri viðburða.

Stjórn faghópsins skilar skýrslu um starf sitt til stjórnar Ský fyrir aðalfund Ský.

4. gr.

Félagar skulu samkvæmt reglum Ský um faghópa vera félagar í Ský og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Ekki skulu greidd sérstök félagsgjöld í hugbúnaðarhóp. Þurfi hópurinn á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað í samráði við framkvæmdastjóra Ský.

5. gr.

Samþykktum má eingöngu breyta með einfaldri meirihlutakosningu þar sem öllum félagsmönnum gefst færi á að kjósa. Breytingartillögur og kosningafyrirkomulag skal vera kynnt með viku fyrirvara. Breytingar á samþykktum öðlast gildi við staðfestingu stjórnar Ský.

Samþykkt á stofnfundi 2010.